

**Ed.**

**588. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar skulu vera fjórir: Einn í Reykjavík, annar á Akureyri, hinn þriðji á Ísafirði og sá fjórði að Eiðum. — Stofna skal hinn fimmta menntaskóla í sveit í Sunnlendingafjórðungi, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Í gildandi lögum um menntaskóla er svo ákveðið, að menntaskólar skuli vera tveir, í Reykjavík og á Akureyri. Í frumvarpi þessu er um þá eina breytingu að ræða, að menntaskólarnir skuli vera fjórir, sinn í hverjum landsfjórðungi, og verði þannig reistir menntaskólar á Ísafirði fyrir Vestfirðingafjórðung og að Eiðum fyrir Austfirðingafjórðung.

Samkvæmt lögnum um gagnfræðanám frá síðastliðnu ári er skólum gagnfræðastigsins ætlað það hlutverk að tengja saman barnaskólana annars vegar og sérskóla og menntaskóla hins vegar. Skólar þessa stigs eru ætlaðir unglingum á aldrinum 13—17 ára.

Samkvæmt 2. gr. sömu laga er tilgangur gagnfræðanámsins sá, „að efla andlegan og líkamlegan þroska unglinga, veita þeim lögboðna fræðslu, búa þá undir framhaldsnám í menntaskólum, sérskólum og sérfræðinámskeiðum svo og undir ýmis störf, sem krefjast góðrar almennrar menntunar“.

Í hverju fræðsluhéraði skal starfa gagnfræðaskóli og í hverju skólahverfi skal vera að minnsta kosti einn skóli, sem veiti skyldufræðslu gagnfræðastigsins. Enn fremur segir í lögnum um gagnfræðanám, að öllum, sem lokið hafi barnaprófi, sé skylt að hefja gagnfræðanám, og lýkur skyldunáminu með unglingaprófi á því ári, sem nemandinn verður 15 ára, nema sveitarfélag hafi notfært sér heimild laganna um skyldunám til 16 ára aldurs.

Þetta nám, sem hér um ræðir, fer fram í fjögurra ára gagnfræðaskólum kaupstaðanna, í tveggja ára unglingaskólum um land allt í kauptúnum og sveitum og í framhaldi af því í tveggja ára **héraðsgagnfræðaskólum** sveitanna, sem taka skulu við nemendum víðs vegar að með unglingaprófi. — Mun flestum eða öllum núverandi héraðsskólum verða breytt í það horf á næstu árum.

Á þennan hátt er frá löggjafans hendi mjög vel séð fyrir möguleikum æskulýðsins, hvar sem er á landinu, til nokkurs framhaldsnáms að barnaskólanámi loknu.

Með miðskólaprófi öðlast nemendur samkvæmt gildandi lögum rétt til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla, og eru máðir þessir skólar fjögurra ára skólar.

En þegar hér er komið, vottar fyrir eins konar bláþræði á skólakerfinu. Á þessum mörkum torveldast möguleikarnir til framhaldsnáms fyrir mjög mörgu ungu fólki, þar eð menntaskólar eru aðeins á tveim stöðum á landinu, í Reykjavík og á Akureyri, og ávallt yfirfullir.

Nú er mjög víða unnið að því að búa unglingafræðslunni, þ. e. skyldunáminu, skilyrði, ýmist í sambandi við barnaskólana eða með sérstökum unglingaskólum.

Á næstu árum streymir svo unga fólkið, sem lokið hefur unglingaprófi, í gagnfræðaskólana og héraðsgagnfræðaskólana. Verður það mikill fjöldi, sem þannig lýkur miðskólaprófi og öðlast að lögum rétt til framhaldsnáms í menntaskólum og kennaraskóla. Er margt, sem til þess bendir, að mjög almennt verði keppt að stúdentsprófi sem lokamarki.

En þá vaknar spurningin: Á að keyra allt ungt fólk af Austur- og Vesturlandi, sem að afloknu miðskólaprófi vill nota rétt sinn til menntaskólanáms, annað hvort til Akureyrar eða Reykjavíkur til fjögurra vetra dvalar.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að það sé bein og óumflýjanleg afleiðing hinnar nýju skólalöggjafar, að ungu fólki hvaðanæva af landinu verði veitt sem jöfnust aðstaða til að ná því æskilega marki á menntabrautinni að geta lokið stúdentsprófi, ef hugur stendur til.

Þess vegna leggjum við til í frumvarpi þessu, að reistur verði menntaskóli Vestfjarða á Ísafirði og menntaskóli Austurlands að Eiðum. Yrði þá skipun þessara mála fyrst um sinn á þann veg, að Reykjavík hefði tvo skóla, sem útskrifuðu stúdenta, menntaskólann og verzlunarskólann, en auk þess kæmi bráðlega einhvers staðar í sveit í Sunnlendingafjórðungi (sennilega í Skálholti eða að Laugarvatni) þriðji

menntaskólinn. Norðlendingar hefðu sinn ágæta menntaskóla á Akureyri — og Vestfirðingar og Austfirðingar fengju sína stúdentaskóla á Ísafirði og að Eiðum.

Þetta sýnist eðlilegri og réttlátari lausn málsins en að byggt verði nýtt menntaskólabákn, eða jafnvel tveir nýir menntaskólar hér í Reykjavík, eins og tillögur hafa komið fram um.

Ef að því ráði væri horfið, væri Reykjavík — dýrasta borg veraldarinnar — með þrjú skóla, sem útskrifuðu stúdenta, en Vestfirðingar og Austfirðingar settir hjá, eins og oft vill verða.

Þetta gæti hvorki talizt réttlátt né heppilegt, þótt einungis væri á málið litið frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Það er algeng saga, að þegar foreldrar efnilegra unglunga á Vestur- og Austurlandi hafa verið búnir að koma börnum sínum gegnum gagnfræða- eða héraðsskóla heima fyrir, hafa þeir orðið að taka sig upp og flytja húferlum til Reykjavíkur, til þess að geta fylgt börnum sínum eftir til framhaldsnáms. — Efni leyfðu ekki að kosta þau hér og halda heimili annars staðar. Þá þykir og ýmsum meiri uppeldisleg áhætta við það hundin en svo, að gerlegt sé, að sleppa unglíngunum á þessu skeiði hingað einum síns liðs til margra ára dvalar.

Þannig á staðsetning flestra æðri framhaldsskóla í Reykjavík drjúgan þátt í því að draga fólk til Reykjavíkur meira en góðu hófi gegnir.

Að vísu er nú svo komið, að margir játa, að fólksstraumurinn utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur beri ekki heilbrigðri þjóðfélagsþróun vitni, og sé síður en svo æskilegur. Þessa dagana eru mikil skrif um það hér í blöðum höfuðborgarinnar, að hér séu ólöglegir innflytjendur þúsundum saman. Gangu klögumálin á vixl milli fasteignaeigendafélagsins og húsaleigunefndar Reykjavíkur út af því, hvorum þessara aðila það sé að kenna, að ekki hafi tekizt að koma í veg fyrir innflutning þessa fólks.

Liggur í loftinu, að helzt þurfi að hrekja það aftur úr Reykjavík. Hér sé ekkert húsnaði fyrir það, og að minnsta kosti að þessu leyti sé það hér á annarra kostnað og naumast velkomið. — Í einu dagblaða höfuðborgarinnar í dag er það og staðhæft, að það sé ekki skylda bæjarbúa að byggja yfir hvern „landshornamann“, sem hingað vilji flytjast.

„Gjafir eru yður gefnar“, sagði Bergþóra forðum, „og eruð þér litlir drengir, ef þér launið engu“.

Gæti og vel verið álitamál, hversu lengi ætti að þola kögursveinum köpuryrði í þessum málum. Sæmir það að minnsta kosti illa, að þeim mönnum, sem með þröngum Reykjavíkursjónarmiðum í hverju máli stuðla beint að flótta fólksins úr dreifbýlinu, haldist það síðan uppi að taka á móti því með skætingi. Sem betur fer er það þó líka til, að einstöku Reykvíkingar skilji orsakir húsnaðisleysisins, sem enginn fær rönd við reist í höfuðborginni.

Rétt fyrir skömmu, þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkur var til afgreiðslu, var húsnaðisleysið í höfuðborginni og aðflutningurinn til borgarinnar aðalumræðuefnið — eða réttara sagt aðal áhyggjuefnið. Við það tækifæri sagði hinn nýi borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, meðal annars þetta:

„Húsnaðismálin eru að sjálfsögðu aðalviðfangsefni okkar. Mannfjölgunin í bænum hefur orðið 10000 á seinustu 5 árum, og hversu mikið aðstreymið verður á næstu árum, fer vitanlega eftir atvinnu og afkomu landsmanna annars staðar á landinu..

Oft hefur verið talað um ráð til að stöðva aðstreymið til bæjarins og þá jafnvel minnzt á svo óviðfelldna tillögu sem áttahagafjötra, enda mundi erfitt að setja slík höft á menn.

Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar, t. d. hafa mönnum verið sett þau skilyrði, er fá leigulóðir, að þeir seldu ekki utanbæjarmönnum hús þau, sem þar eru byggð, án samþykkis bæjarráðs. En dæmi eru til, að farið hafi verið í kringum þessi ákvæði.

Ég er á þeirri skoðun, að aðalráðið til að draga úr aðstreymi til bæjarins sé að

gera sem lífvænlegast annars staðar á landinu. Það er því hagsmunamál okkar Reyk-  
víkinga, að í kaupþúnum og sjávarplássum fái menn sem bezt og mest atvinnutæki,  
svo að fólkið haldist þar kyrrt.“

Þetta er vel mælt og viturlega. Og vilja flutningsmenn þessa frumvarps aðeins  
bæta því við, að atvinnutæki ein úti um landsbyggðina leysa þó ekki þetta vandamál  
nema að nokkru leyti. — Utan Reykjavíkur þarf auk þess að sjá fólkinu fyrir sæmi-  
legum samgöngum, raforku, og síðast en ekki sízt þarf að sjá því fyrir sem jafn-  
astri aðstöðu til menningar og menntunar á við höfuðstaðarbúana sjálfa.

Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á men-  
ningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. Þess vegna eiga menntaskólar að rísa af  
grunni í öllum landsfjórðungum.

Menntaskólar Vestfjarða og Austfjarða yrðu ekki sérlega stórar stofnanir. Fyrst  
um sinn, sennilega um nokkurt árabíl, yrðu aðeins 20—30 nemendur í ársdeild hverri.  
En eins og kunnugt er, eru menntaskólar fjögurra ára skólar. Þegar þeir væru komnir  
í fullan gang, mætti því ætla, að í hvorum skólanum yrðu eigi nema ca. 80—120  
nemendur.

Þessu næst skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir því, á hverju framanskráð á-  
ætlun um nemendafjölda, t. d. í menntaskóla Vestfjarða, er byggð.

Í 1. bekk gagnfræðaskólans á Ísafirði eru nú rösklega 90 nemendur. Um það bil  
hellingur þeirra, eða um 45, eru í bóknámsdeild. Sé gert ráð fyrir því, að þriðj-  
ungur þeirra, þ. e. hið besta úrval þeirra til bóklegs náms, vildi halda áfram námi,  
eða um 15 nemendur, sést strax, að til er þegar álitlegur stofn í bekksoðgn lærdóms-  
deildar.

Þá er þess að geta, að tveir héraðsskólar á Vestfjörðum halda þegar uppi mið-  
skóladeild, þ. e. héraðsskólinn á Núpi í Dýrafirði og héraðsskólinn í Reykjanesi. Þó  
að eigi sé gert ráð fyrir, að frá þeim kæmu fleiri en 8—10 nemendur samtals á ári til  
framhaldsnáms í menntaskóla, þá er þarna samt um að ræða a. m. k. 25 nemendur  
á ári frá þessum þremur vestfirzku framhaldsskólum.

Þannig lítur málið út, eins og nú standa sakir, en hér er ekki tekið tillit til hinnar  
miklu nemendafjölgunar, sem fyrirsjáanleg er til framhaldsnáms, þegar unglings-  
skólarnir rísa upp í hverju þorpi og hverri sveit, en þeir eru nú þegar í undirbúningi  
í samræmi við skólalöggjöfina, bæði á Patreksfirði, í Bolungavík og víðar.

Líkt er þessu háttáð með Austfirði. Þar eru Eiðaskóli og gagnfræðaskólinn í  
Neskaupstað í örum vexti, og fjöldamargir unglingskólar rísa þar upp á næstu árum.

Málið liggur því þannig fyrir, að Vestfirðingar og Austfirðingar geta með engu  
móti sætt sig við það til lengdar að verða að senda úrvalsnámsfólk sitt tugum saman  
á ári hverju til Reykjavíkur til menntaskólanáms.

Allra sízt verður þetta þolað sökum þess, að af þessu leiðir, ekki aðeins það,  
að flest af þessu unga fólki tapast heimabyggðum sínum fyrir fullt og allt, — heldur  
leiðir líka af þessu það, að foreldrar námsfólksins neyðast einnig unnvörpum til að  
taka sig upp og halda til Reykjavíkur, eins og áður er að vikið. — Oft er slíkt fólk  
af góðum stofni, úrval að andlegu og líkamlegu atgervi. Hinum fámennu byggðum  
er því sár blóðtaka að furtför þess. Það skilur eftir sig skarð fyrir skildi og sáran  
söknuð. — En þegar til Reykjavíkur kemur, er því þar tekið með megnri andúð.  
Hér ættu því hvorir tveggja að geta orðið samtaka — þeir, sem sporna vilja við of-  
vexti Reykjavíkur, og hinir, sem telja þjóðfélagslegt tjón að tæmingu sveita og kaup-  
túna. Og því þá ekki að verða það í þessu góða máli.

Það er skoðun flm. þessa frv., að áður en hin veglega bygging stýrimannaskól-  
ans í Reykjavík var ákveðin sem landskóli fyrir alla íslenzku sjómannastéttina,  
hefði þurft að athuga, hvort ekki væri réttara að hafa skólana fleiri og smærri, og  
þá sérstaklega, hvort sjómannaskólar hefðu ekki öllu fremur átt rétt á sér í aðal-  
útgerðarbæjum landsins en endilega í Reykjavík, sem er og verður miklu fremur  
verzlunarmiðstöð en útgerðarborg.

Á sama hátt mundi nú vera tímabært að hugleiða það, hvort ekki eigi að reisa iðnskóla úti um land, þar sem iðnaðurinn dafnar bezt og virðist eigi blómlegust framtíðarskilyrði. Og mundi þá ekki vera rétt að komast að niðurstöðu um þetta. Áður en Reykjavík sé byggður iðnskóli fyrir 15—20 milljónir með það fyrir augum, að hann verði landsskóli, eins og stýrimannaskólinn.

Á sama hátt er þessu farið með menntaskólana. Þar standa nú sakirnar þannig, að báðir menntaskólarnir eru orðnir of litlir. Rætt hefur verið um að ráðast í stórbyggingar fyrir þessa skóla bæði á Akureyri og í Reykjavík. Hefur verið tekið í mál, að þau stórhýsi, miðuð við þarfir landsins alls, mundu kosta a. m. k. 10—12 milljónir króna, og er þó sennilega of lágt áætlað.

En þá kemur að því, hvort ekki sé réttara að gera það upp við sig nú þegar, — áður en framtíðarmenntaskólabyggingar á Akureyri og í Reykjavík séu undirbúnar og áætlaðar fyrir allt landið, hver skuli verða heildarstefnan í þessum málum fyrir framtíðina.

Það, sem um er að velja, er þetta: Hvort á heldur að staðsetja menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri og flytja þangað námsfólkið og mikinn hluta aðstandenda þess, — eða þá hitt, að endurbyggja á Akureyri menntaskóla, er aðallega hæfi þörfum Norðlendinga, í Reykjavík skóla, er hæfi þörf höfuðborgarinnar og nágrennis hennar, að Laugarvatni eða í Skálholti menntaskóla fyrir Suðurland og að síðustu menntaskóla Austfjarða og Vestfjarða að Eiðum og á Ísafirði.

Með seinni leiðinni, þeirri að hafa skólana fleiri og smærri, staðsetta í öllum landsfjórðungum, er uppeldishliðinni óumdeilanlega betur borgið, og ætti það ekki að vera neitt aukaatriði. Með þeirri leið er betur séð fyrir jafnréttisaðstöðu íslenzkrar æsku til framhaldsmenntunar. — Það ætti ekki heldur að teljast neitt hégómamál, Og með seinni leiðinni er í þriðja lagi stefnt að auknu jafnvægi í þjóðfélaginu. Í fjórða lagi fullnægir hún á eðlilegastan og hagkvæmastan hátt „konungshugsjón“ hinnar nýju skólalöggjafar um samfellt fræðslukerfi.

Enginn vafi er á því, að það væri íslenzkri þjóðmenningu ómetanlegur ávinningur, að komið verði upp góðum menntasetrum og menningarmiðstöðvum í öllum landshlutum. Í þeim efnum á ekki að draga allt til Reykjavíkur, þótt margt þurfi auðvitað að gera höfuðborginni til menningarauka.

Einhver kynni nú að hreyfa þeirri mótbáru, að þjóðin hafi ekki efni á því að koma upp menntaskóla í öllum landsfjórðungum. Þess vegna verði að byggja mikinn menntaskóla í Reykjavík og endurbyggja Akureyrarskóla og láta þar við sitja.

Í þessu sambandi viljum við benda á, að hér í Reykjavík kostar lóðin ein undir menntaskóla 5—6 milljónir króna samkvæmt gögnum, sem fram hafa komið á Alþingi. — Fer því ekki mjög fjarri, að fyrir þá upphæð mætti byggja menntaskólana alla, að Eiðum, á Ísafirði og í Skálholti eða að Laugarvatni, en hins vegar má nokkurn veginn fullvist telja, að á öllum þessum stöðum yrðu lagðar fram ókeypis byggingarlóðir fyrir skólana. Að öðru leyti er viðeigandi að upplýsa eftirfarandi um aðstöðu á þeim stöðum, sem hér hafa verið til nefndir sem menntaskólasetur.

Á Ísafirði er þegar til vegleg yfirbyggð sundhöll. Þar er líka til ágætt bókasafn. Þar er í þriðja lagi einn af veglegustu íþróttasölum landsins. Allt þetta mundi mjög draga úr stofnkostnaði menntaskóla á Ísafirði.

Það, sem þar vantar, er skólahús með 4—5 kennslustofum og rektorsbústað.

Á Eiðum er líka sögu að segja. Þar er rafstöð og miklar byggingar, sem koma mundu að gagni sameiginlega héraðsgagnfræðaskólanum og menntaskóla Austfjarða.

Eins er það með Laugarvatn, ef það yrði fyrir valinu fyrir menntaskóla Suðurlands. Þar er eitt allra veglegasta íþróttahús landsins og margvísleg aðstaða önnur, sem teljast yrði hin ákjósanlegasta fyrir menningarmiðstöð Sunnlendinga.

Menningarlega séð væri það hinn mesti fengur og ávinningur fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga, að breyting sú, sem frumvarp þetta fjallar um á skólakerfi voru,

næði fram að ganga. Ætti að vera óþarft að rökstyðja það nánar. — Verður þó að því vikið í framsöguræðu.

Ekki er hallað rétti nokkurs bæjar eða landshluta með framgangi þessa frv. — Nægilegur nemendafjöldi, sem líklegur sé til framhaldsnáms í menntaskólum, er þegar fyrir hendi bæði vestan lands og austan.

Með frumvarpi þessu er farið fram á menningarlegt jafnrétti Austfirðinga og Vestfirðinga á við íbúa annarra landsfjórðunga, og hlut þeirra þó síður en svo haldið fram af óbilgirni. — Að síðustu leggja flm. frv. áherzlu á, að sams konar ráðstöfunum og hér er stefnt að í menningarmálum þurfi og að framfylgja í samgöngumálum, raforkumálum og atvinnumálum. Á þann hátt einan verði þjóðfélagslegu jafnvægi náð.

Leggjum við svo þetta mikilsverða mál fyrir háttvirta alþingismenn og treystum því, að það fái verðugar undirtektir þeirra.

Að síðustu skal á það minnst, að hér er á ferðinni mál, sem hafið er yfir allan flokkarig. Það er sammál allra Austfirðinga og Vestfirðinga og verður fylgt með vakandi athygli allra hugsandi manna í þessum landshlutum, þar til það hefur fengið fullnaðarafgreiðslu og endanlega lausn í drengilegri framkvæmd.